

Ár 2021, fimmtudaginn 1. apríl, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á fjarfundabúnaðinum TEAMS, af Björgu Ástu Þórðardóttur dómara.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2021:

Kalina Klopova

gegn

Dansíþróttasambandi Íslands

Gögn málsins nr. 1 til 4 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 26. febrúar 2021. Kærandi er Kalina Klopova, kt. 110676-2049 og kærði er Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ), kt. 601294-2149, Engjavegi 6, 104 Reykjavík. Þann 3. mars 2021 var kærða gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu og skilaði greinargerð þann 10. mars 2021. Kæranda var send greinargerð kærða þann 15. mars 2021 og var samdægurs boðað til fyrirtöku í málinu. Fyrirtakan var haldin þann 16. mars 2021 þar sem kæranda var gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð kærða. Athugasemdir kæranda bárust þann 17. mars 2021 og daginn eftir var kærða gefinn kostur á að skila inn viðbótarathugasemdum. Síðari greinargerð kærða barst þann 22. mars 2021 og var samdægurs boðað til aðalmeðferðar í málinu. Aðalmeðferð fór fram 26. mars sl. og í kjölfarið sama dag var málið dómtekið.

I. Dómkröfur

Kærandi gerir eftirfarandi kröfur:

1. Að DSÍ samræmi móta- og keppendareglur varðandi skilyrði til dómara og skráningu fagmanna til keppnis til samræmis við alþjóðareglur, t.d. frá heimssambandi hlutaðeigandi (WDSF) sem eru ætlaðar til að tryggja að engir hagsmunaárekstrar verði milli iðkenda og fagmanna í íþróttinni.
2. Að DSÍ skýri móta- og keppendareglur varðandi skilyrði til skráningar í aldursflokka til að koma í veg fyrir að hentisemi stýri því í hvaða flokk iðkandi er skráður til keppni.
3. Að stjórn DSÍ sé áminnt eða ávítt skv. gr. 36.2 á bls. 18 í lögum ÍSÍ til samræmis við niðurstöðu dómsins einkum m.t.t. þess að þegar hefur fallið dómur í sambærilegu máli.
4. Að skráning Ragnars Sverrissonar á Íslands- og bikarameistaramót, haldið 20. og 21. febrúar 2021, verði áfmað og úrslit, verðlaun og réttindi tengd þeirri skráningu sömuleiðis.

Kærði krefst sýknu af kröfum kæranda og að málið sé látið niður falla.

II. Málsvik

Kærandi lýsir málavöxtum með þeim hætti að sunnudaginn 24. janúar 2021 hafi verið haldið dansmótið Lotto Open þar sem í auglýsingu um mótið komi m.a. fram að Ragnar Sverrisson sé einn af dómurum mótsins. Laugardaginn 6. febrúar 2021 var haldið dansmót, sem hluti af Reykjavíkurlleikunum (RIG) 2021, og í frétt um mótið komi fram að Ragnar sé einn af dómurum mótsins. Þann 17. febrúar 2021 var síðan birtur keppendalisti fyrir Íslands- og bikarmeistaramót sem halda átti dagana 20. og 21. febrúar. Þar kom fram að Ragnar Sverrisson væri skráður í flokkinn Senior I sem almennur keppandi (áhugamaður). Kærandi sendi af þeirri ástæðu fyrirspurn til stjórnar kærða þann 17. febrúar sl. Kærandi sendi á ný tvo tölvpósta til kærða þann 19. febrúar með erindi sem kærandi óskaði eftir að lagt yrði fyrir stjórn. Engin svör höfðu borist við því erindi þann 26. febrúar þegar kæra málsins var lögð fram. Erindi kæranda beindust annars vegar að ætlaðri rangri skráningu þars og hinsvegar því að leyfa danskennara og formanni dansfélags að ranglega taka þátt í danskeppni sem iðkanda (áhugamanni) auk þess sem hann hafði nýverið dæmt á dansmótum. Helgina 20. til 21. febrúar var síðan umrætt Íslands- og bikarmeistaramót haldið þar sem Ragnar Sverrisson tók þátt sem iðkandi (áhugamaður).

Kærði lýsir málavöxtum með þeim hætti að stjórn kærða barst erindi frá kæranda þann 17. febrúar og aftur þann 19. febrúar með spurningar varðandi keppendur og dómara á mótum héraðs. Kærði kvað stjórn hafa fjallað um erindið og eftir að hafa yfirfarið lög og reglur WDSF og DSÍ þá sé ekkert við þessa skráningu að athuga. Skráning viðkomandi keppanda var að sögn kærða dæmd lögleg og skyldi standa. Umræddur keppandi mætti því til keppni á sunnudeginum 21. febrúar sl. og keppti í flokki Senior I.

III. Máltilbúnaður kæranda

Kærandi byggir á því að dómari megi ekki vera virkur iðkandi í greininni og hafi því skráning Ragnars Sverrissonar á Íslands- og bikarmeistaramótið verið ólögleg. Vísar kærandi til þess að ekki komi neitt beint fram í lögum DSÍ sem tekur af tvímæli um að dómari megi ekki vera virkur iðkandi. Kærandi telur hins vegar orðskýringu og eðli máls leiða til þess að staða dómara sem óháðs fagmanns fari ekki saman við að vera á sama, eða svipuðum, tíma iðkandi (áhugamaður). Sömuleiðis telur kærandi að skýra beri lög DSÍ til samræmis við reglur Alþjóðadansíþróttasambandsins (WDSF) og samkvæmt reglum WDSF, sem tilgreina kröfur til dómara (e. *Adjudicator*), komi skýrt fram að dómari skuli ekki vera virkur keppandi og skiptir þá engu hvaða tegund dómaragráðu um ræðir. Kærandi vísar til keppnisreglna WDSF, nánar tiltekið grein 5.6 og grein 2.4.1. Einnig vísar kærandi til keppnisreglna World Dance Council (WDC) þar sem kveðið er á um að dómari megi eingöngu dæma keppni 12 mánuðum eftir að hafa hætt að keppa. Að mati kæranda fela þessar skýru form- og efnisreglur bæði fyrir og eftir dómarastöðu og í öðru tilvikinu umþóttunartími í 12 mánuði eftir að keppni er hætt afdráttarlaust í sér bann við slíkri samblöndun hlutverka.

Kærandi byggir ennfremur á því að skráning Ragnars Sverrissonar og dansfélaga hans í aldursflokkinn Senior I hafi verið ólögleg. Móta- og keppendareglur DSÍ fjalli um aldurskiptingu í grein C-5 á bls. 6 þar sem kemur fram að til að skráning í Senior I aldursflokk sé gild þá þurfi annar aðilinn að vera 35 ára eða eldri á almanaksárinu. Annar aðilinn megi vera yngri en þarf að vera a.m.k. 30 ára á almanaksárinu. Sömuleiðis kemur fram að til að skráning í Senior II aldursflokk sé gild þá þurfi annar aðilinn að vera 45 ára og eldri á almanaksárinu og annar aðilinn megi vera yngri en þarf þá að vera a.m.k. 40 ára á almanaksárinu. Reglur um aldurskiptingar hjá WDSF eru mjög sambærilegar. Samkvæmt skráningakerfi WDSF er Ragnar skráður í aldursflokkinn Senior II en hann er á 49. aldursári og dansfélagi hans er að ná 31 árs aldri á árinu, samkvæmt keppendalista fyrir Íslands- og bikarmeistaramótið 20. -21. febrúar 2021.

Slíkar reglur um aldursflokka eru ekki valkvæðar enda eru í móta- og keppendareglum DSÍ og WDSF sérstaklega tilgreind ákvæði um hvenær megi skrá sig í aðra aldursflokka en keppandi tilheyrir. Skráning Ragnars og dansfélaga hans og þátttaka í mótinu er því að mati kæranda ólögleg og beri að afturkalla skráninguna og birt úrslit og verðlaun og réttindi tengd þeim felld niður.

Kærandi byggir auk þess á því að Íslands- og bikarmeistaramótið sem haldið var 20.-21. febrúar sl. hafi ekki verið atvinnumannamót. Í ljósi stöðu Ragnars sem hefur danskennarapróf, er forráðamaður Dansfélagsins Bíldshöfði og er skólastjóri og fyrirsvarsmaður félagsins og hefur lifibrauð af því að kenna dans þá teljist hann atvinnumaður í greininni. Kærandi tiltekur að hvergi í dansheiminum, hvort sem litið er til WDSF eða WDC, sé það heimilt að atvinnumenn keppi í flokkum sem ætlaðir eru áhugamönnum. Engin heimild er til þess í lögum DSÍ eða WDSF að blanda þessu tvennu saman. Til skýringar bendir kærandi á reglur DSÍ í þessum efnunum þar sem sérstakir flokkar hafa verið búnir til fyrir kennara og nemanda og þá er eingöngu nemandinn dæmdur fyrir sína frammistöðu og ber keppnisnúmer. Í grein 2 í viðauka við móta- og keppendareglur er skilgreining á því sem telst vera fagmaður (atvinnumaður) talið upp sem *“... er danskennari, þjálfari eða dansari sem hefur náð framúrskarandi árangri innan dansíþróttasambands í sínu landi.”* Í grein 3 í sömu reglum er skilgreining á því sem telst vera áhugamaður (iðkandi) talið upp sem *“... nemandi í aðildarfélagi dansíþróttasambands eða þátttakandi í tímum hjá fagmanni.”* Sambærilegar reglur eru til staðar hjá WDSF. Kærandi vísar einnig til dóms á vegum dómstóls ÍSÍ í máli nr. 2/2019 þar sem m.a. kemur fram í niðurstöðuorðum að danskennari falli ekki undir þá skilgreiningu að vera iðkandi. Kærandi telur því að skráning Ragnars Sverrissonar á Íslandsmeistara- og bikarmeistaramót helgina 21.- 22. febrúar síðastliðinn hafi verið ólögleg.

IV. Málalíbúnaður kærða

Af hálfu kærða er á því byggt að kærandi í þessu máli sé ekki iðkandi í félagi innan DSÍ og í ljósi þess að hún leggur fram kærana í eigin nafni, en ekki fyrir hönd neins iðkanda eða félags innan DSÍ, ætti kærandi ekki að vera með kærurétt í skilningi laga ÍSÍ.

Kærði byggir jafnframt á því að ekkert komi fram um það í reglum DSÍ að aðili sem fenginn er sem dómari á einu mótum geti ekki verið keppandi á næsta mótum á eftir. Vísað er til þess að kærði er aðili að ÍSÍ og WDSF. Kærði heldur Íslands- og bikarmeistaramótum í samkvæmisdönsum fyrir alla þá iðkendur sem skráðir eru í Felix skráningarkerfið en þær keppnir eru ekki opinberar WDSF keppnir. Kærði kvaðst leitast við að hafa erlenda dómara á mótum hérlendis til að koma í veg fyrir hugsanlega hugsunnaárekstra en sökum þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna heimsfaraldurs Covid-19, þar á meðal ferðatakmarkana, samþykkti stjórn kærða að veita undanþágu á grundvelli gr. B-5.5 í móta- og keppendareglum DSÍ frá þeirri kröfu að dómara skuli vera handhafar alþjóðlegra dómara réttinda. Var í þess stað gerð sú krafa að dómara skyldu hafa viðurkennt kennarapróf frá Danskennarasambandi Íslands (DÍ). Dómurum var jafnframt fjölgað úr fimm í sjö. Kærði bendir auk þess á að WDC sé samband atvinnumanna í dansíþróttinni og kærði er ekki aðili að því sambandi. Kærði heyrir því ekki undir þeirra reglum. Kærði bendir á að Ragnar Sverrisson hafi mátt dæma í ljósi framangreindrar ákvörðunar stjórnar, enda Ragnar með próf viðurkennt af DÍ, þó hann sé ekki félagsmaður innan þess sambands. Kærði telur ennfremur enga hagsmunnaárekstra myndast vegna þessa enda skráir Ragnar sig í keppni sem hann er sjálfur ekki að dæma á auk þess sem hann skráir sig í flokk þar sem hann og dansfélagi hans eru eina parið. Með þeim hætti keppir hann ekki á mótum þeim þórum sem hann hefur dæmt á fyrri mótum.

Hvað varðar skráningu Ragnar Sverrissonar í flokkinn Senior I byggir kærði á því að í móta- og keppendareglum DSÍ, nánar tiltekið grein C-5 á bls. 6, komi fram að annar keppenda í flokki Senior I þurfi að vera búinn að ná 35 ára aldri að lágmarki en ekkert hámark sé sett á aðila. Hinn aðilinn má vera allt að fimm árum yngri. Í reglum WDSF í þessu máli komi fram nákvæmlega það sama og þar er einnig birt tafla sem sýnir í hvaða flokkum hver aldursflokkur má keppa í hverju sinni. Þar sést að mati kærða greinilega að allir senior flokkar mega keppa með þeim flokkum sem eru fyrir neðan þá í aldri, alveg niður í fullorðinsflokk sem er flokkur fyrir 16 ára og eldri. Kærði kveður því Ragnar var gjaldgengan í flokkana Senior 2, Senior 1 og Adult. Dansfélagiagnars var ennfremur á 31. aldursári og því var parið rétt skráð í flokkinn Senior 1, eins og reglur gera kröfu um.

Að lokum bendir kærði á að þau mót sem haldin eru af kærða eru fyrir þá iðkendur sem sannanlega eru skráðir í Felix skráningarkerfið. Þar er Ragnar Sverrisson skráður iðkandi. Það er ekkert í reglum DSÍ, að mati kærða, sem bannar honum að skrá sig til keppni sem áhugamaður á meðan hann er skráður sem iðkandi innan félags sem er aðili að DSÍ á þeim degi sem skráning berst. Ef horft er eingöngu til þess sem stendur í viðauka við móta- og keppendareglur DSÍ, þar sem skilgreining á atvinnumanni er að sá aðili sé *danskennari, þjálfari eða dansari sem hafi náð framúrskarandi árangri innan dansíþróttasambands í sínu landi*, þá myndi stærsti hluti þara í fullorðinsflokki síðustu ára teljast atvinnumenn.

V. Forsendur og niðurstöður.

Í málinu er deilt um skráninguagnars Sverrissonar á Íslands- og bikarameistaramót DSÍ sem haldið var dagana 20. og 21. febrúar sl. Tengd þeirri skráningu er deilt um túlkun og beitingu á móta- og keppendareglum DSÍ varðandi annars vegar þátttöku dómara og atvinnumanna í keppnum á vegum DSÍ og hinsvegar skilyrði til skráningar í aldursflokka. Kærandi gerir þá kröfu að skráning umrædds iðkanda á framangreint mót sé afmáð og úrslit, verðlaun og réttindi tengd þeirri skráningu sömuleiðis.

Ágreiningur um réttmæti þátttöku íþróttamanns til keppni skal vísað til stjórnar kærða, sbr. grein C-1.7 í móta- og keppendareglum DSÍ. Liggur fyrir að kærandi gerði athugasemdir við skráningu umrædds iðkanda með bréfum, fyrst þann 17. febrúar sl. Var því erindi kæranda réttilega beint til stjórnar kærða enda gert ráð fyrir að stjórn kærða hafi úrskurðarvald í málum er varðar m.a. skráningu þátttakanda í keppni á vegum kærða. Ákvarðanir stjórnar kærða eru kærnanlegar til dómstóls ÍSÍ, sbr. gr. 20.1 laga ÍSÍ. Verður að gera þá kröfu til kærða að taka afstöðu til erinda með formlegum hætti sem beinast til stjórnar á grundvelli umrædds ákvæðis en ætla má að slíkt hafi skort í máli þessu. Liggur því ekki fyrir formleg afstaða kærða til erindis kæranda er varðaði réttmæti þátttöku umrædds iðkanda í samræmi við áður nefnda grein C-17 í móta- og keppendareglum DSÍ, sem er nauðsynlegur undanfari kærðu til dómstóls ÍSÍ.

Dómurinn bendir jafnframt á að samkvæmt grein 30.1. í lögum ÍSÍ hefur hver sá, einstaklingur, félag eða félagasamtök, kærurétt sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls. Hér er gerð sú krafa að kærandi hafi beina, sérstaka og lögvarða hagsmuni af niðurstöðu máls og geti leitað til dómstóla ÍSÍ til að gæta þeirra hagsmuna. Hagsmunirnir verða að tengjast málinu með beinum hætti og hvílir það á kæranda að sýna fram á hverjir þeir hagsmunir eru. Óumdeilt er að kærandi er ekki skráður iðkandi í dansíþróttinni né tók þátt í umræddu Íslands- og bikarameistaramóti DSÍ. Samkvæmt því sem fram kom undir rekstri málsins er kærandi foreldri iðkanda og leiðir kærurétt sinn af þeirri stöðu. Ekki hefur komið fram undir rekstri málsins hvort og þá með hvaða hætti börn kæranda hafi hagsmuni af niðurstöðu málsins.

Þó veita megi foreldrum ákveðið svigrúm til að gæta hagsmuna barna sinna innan íþróttahreyfingarinnar og eftir atvikum fyrir dómstólum er ljóst að ekki verður hjá því vikist að tryggja að lögvarðir hagsmunir liggi til grundvallar kærur til dómstóls ÍSí.

Með vísan til framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.



Björg Ásta Þórðardóttir

Um málsskotsheimild:

Kærandi hefur rétt til að skjóta máli þessu að nýju til dómstóls ÍSí og er frestur til þess þrjú dagar frá deginum í dag að telja. Almennir frídagar skulu ekki teljast með, sbr. grein 24.3 í lögum ÍSí. Kærandi hefur jafnframt rétt til að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls ÍSí og er frestur ein vika frá deginum í dag að telja, sbr. grein 33.1 og 33.3 í lögum ÍSí.